

Fundur stjórnar Tennissambands Íslands: Dags. 8. apríl 2010.
Viðstaddir: Skjöldur, Rakel, Hafsteinn Dan, Jónas, Helgi og Ingólfur.

Fundarefni:

1. Styrkir fyrir unga og efnilega íþróttamenn

Stjórnin tók til umræðu hvort víkja ætti frá ákvörðun síðasta árs að miða við aldursbilið 13-16 ára fremur en 15-18 ára. Með vísan til raka frá síðasta ári, m.a. þörf á að styrkja unga tennisspilara sem eru að koma upp og dreifingu styrkja, var tekin ákvörðun um halda áfram að miða við aldursbilið 13-16 ára að gefinni undanþágu frá ÍSÍ.

Ákveðið var að fá álit landsliðsþjálfara og annarra þjálfara við val á leikamanni. Þeir þjálfarar sem nefndir voru til sögunnar voru Raj, Carola, Anna, Andri og Jónas.

2. Ríkisstyrkur

Skjöldur vakti athygli stjórnar á framkvæmdastjóri hafði ekki skilað inn upplýsingum um starfsmanna sem þó væru nauðsynlegar til að fá ríkisstyrk. Styrkurinn hefði ekki verið greiddur. Fjárhagsstaða TSÍ væri því slæm. Þessu þyrfti að kippa í lag hið snarasta.

3. Fjárhagur og fjárhagsáætlun í ljósi útgjalda vegna Davis og Fed Cup

Kostnaður vegna ferðanna er 744 þús en ef leikmenn, fyrir utan kapteina greiða 30 þús hver, er kostnaðurinn 564 þús. Tekin var ákvörðun um að leikmenn, fyrir utan kapteina, greiði 30 þús fyrir brottför. Forvitnast var um aukastyrki vegna ferðanna þar sem kostnaður þeirra væri umtalsverður og það vantaði peninga samkvæmt fjárhagsáætlun. Ákveðið að Ingólfur léti Rakel og annan fá upplýsingar til að koma til leikmanna.

4. Færsla bókhalds

Ingólfur óskaði eftir upplýsingum í tengslum við einstaka útgjaldaliði.

Samþykkt var að Ingólfur fengi 60 þús kr fyrir færslu bókhalds, en sá útgjaldaliður var samkvæmt fjárhagsáætlun nú 50 þús.

5. Skýrsla vegna þings.

Skjöldur forvitnaðist um hver staðan væri á skýrsluskrifum og upplýsti að skýrslan yrði til á mánudeginum fyrir þing. Formenn einstakra nefnda skrifa í skýrsluna.

6. Styrkir vegna fara á erlend mót

Sú hugmynd Jónasar að veita styrki að fjárhæð kr. 10 þús fyrir þátttöku í erlendum mótum var samþykkt með þeim fyrirvara að heildarfjárhæð ekki yfir 150 þús kr. Er þetta hugsað sem smávægilegur styrkur og hvatning fyrir alla leikmenn. Rakel falið að auglýsa á heimasíðunni.

7. Almenn umræða um hugmyndafræði og stefnu TSÍ

Rætt var um hugmyndafræði og stefnu TSÍ og jafnvægi á milli þátttöku landsliðsfólks í keppni erlendis og að styðja við starfið og ýmis verkefni heima með það fyrir augum að starfsemin væri sem heildstæðustu og gagnaðist sem flestum. Rætt var um þörf á annarri tennishöll. Rætt var um möguleikann á að fá fleiri leiki en úrslitaleiki sýnda á mastersmótinu í janúar t.d. á stöð2sport og RÚV.

8. Rætt var um þingið 20. apríl

9. Næsti fundur fimmtudag fyrir þingið kl: 20:30